

Bjargráðasjóður

Ársreikningur

2025

Bjargráðasjóður
Hlíðasmára 14
201 Kópavogi
kt. 460169-6669

Bjargráðasjóður

Ársreikningur

2025

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4-5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-10

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Bjargráðasjóði

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Bjargráðasjóðs fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Bjargráðasjóði í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Bjargráðasjóðs Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðferðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi síðsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogi, 24. febrúar 2026

Deloitte ehf.

Guðmundur Örn Árnason
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Bjargráðasjóður er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins sem heyrir undir matvælaráðuneytið. Hlutverk Bjargráðasjóðs skv. lögum nr. 49/2009 er að veita einstaklingum og félögum fjárhagsaðstoð til að bæta meiri háttar beint tjón af völdum náttúruhamfara, en þó fyrst og fremst á girðingum, túnnum, heyi og af völdum uppskerubrests í landbúnaði. Nánar er kveðið á um starfsemi sjóðsins í reglugerð nr. 1111/2023.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla fyrir opinbera aðila.

Stjórn Bjargráðasjóðs er skipuð til september 2026. Hún er nú skipuð eftirtöldum einstaklingum: Sigurður Eypórsson, formaður, Sigríður Gísladóttir og Jóhannes Sigfússon.

Frá 1. janúar 2022 hefur umsýsla sjóðsins verið í höndum Náttúruhamfaratryggingar Íslands á grundvelli samnings þar um. Stofnunin heldur utan um verkferla sjóðsins og er forstjóri NTÍ jafnframt framkvæmdastjóri Bjargráðasjóðs.

Rekstur ársins 2025

Í maí 2025 staðfesti stjórn nýjar reglur um styrkveitingar. Ákveðið var að styrkir miðuðust framvegis einungis við tjón sem er umfram 1,5 m.kr. og byggjast styrkveitingar á útlögðum kostnaði við lagfæringar og stöðu sjóðsins hverju sinni. Reglurnar í heild eru aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins bjargradasjodur.is

Afkoma af rekstri sjóðsins á rekstrarárinu var jákvæð um 43,9 m.kr. Eigið fé í lok ársins var jákvætt um 297 m.kr. skv. efnahagsreikningi.

Óráðstafaðir fjármunir sjóðsins eru í eignastýringu hjá Arion banka samkvæmt ákvörðun stjórnar. Launagreiðslur stjórnar námu samtals kr. 1,7 m.kr. samanborið við 0,9 m.kr. árið 2024. Það skýrist fyrst og fremst af fleiri fundum stjórnar, en greiðslur taka mið af því. Annar rekstrarkostnaður sjóðsins var 14,1 m. kr. sem er hækkun um 0,9 m.kr. frá fyrra ári. Af því voru 3,7 m.kr. greiddar til NTÍ skv. samningi vegna fastrar umsýslu sjóðsins, 6,1 m.kr. vegna kostnaðar við tjónamat og 3,4 m.kr. vegna endurskoðunar, hugbúnaðarleyfa og annars kostnaðar.

Styrkgreiðslur á árinu 2025

Veturinn 2023-2024 urðu veruleg kaltjón hjá bændum, einkum á Norðurlandi og fékkst sérstakt framlag úr varasjóði fjárlaga að fjárhæð 230 m.kr. vegna þess. Að auki voru veittir styrkir að fjárhæð um 70 m.kr. af almennum fjárheimildum sjóðsins. Alls var því um 300 milljónum ráðstafað vegna þessa verkefnis.

Mestur hluti greiðslna fór fram á árinu 2024 en 30% þeirra voru greiddar á árinu 2025 og er því getið hér. Alls bárust 121 umsókn vegna kaltjóns í túnnum, veturinn 2023-2024 og í 89 tilvikum voru veittir styrkir vegna þessa.

Á árinu voru jafnframt til meðferðar styrkir vegna tjóna af völdum skriðufalla í Út-Kinn í Þingeyjarsýslu sem áttu sér stað árið 2021. Bjargráðasjóði var falið að annast umsýslu og útgreiðslur styrkja vegna þess atburðar og verða síðustu styrkgreiðslur greiddar í ársbyrjun 2026.

Atvinnuvegaráðuneytið fól sjóðnum einnig að annast útborgun styrkja sem ákveðið var að veita vegna uppskerubrests af völdum óvenjulegs veðurfars á árinu 2024. Um var að ræða uppskerutjón á heyi, korni og útiræktuðu grænmeti. Á árinu 2025 voru greiddar út alls 511,2 m.kr. til 142 aðila. Ráðuneytið sá um útreikning styrkjanna og byggðu þeir á sérstakri fjárveitingu samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Samþykktir styrkir árið 2025 voru því alls 578,5 m.kr. samanborið við 243,8 m.kr. árið 2024. Það er að meðtöldum fyrrgreindum verkefnum. Aðrir styrkir voru vegna tjóns á ræktuðu landi og girðingum af völdum skriðufalla og flóða. Alls bárust 17 almennar umsóknir vegna slíkra tíóna á árinu 2025.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Bjargráðasjóðs koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Skýrsla stjórnar

Stjórn og framkvæmdastjóri Bjargráðasjóðs staðfesta hér með ársreikning sjóðsins með undirritun sinni.

Kópavogi, 24. febrúar 2026

Í stjórn

Framkvæmdastjóri

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Framlag ríkissjóðs		616.095.850	208.300.000
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		954.582	2.859.176
Fjármagnstekjuskattur		(220.274)	(638.368)
Matsbreytingar fjáreigna		21.370.983	21.137.768
		<hr/>	<hr/>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld alls		22.105.291	23.358.576
Samtals			
		638.201.141	231.658.576
Styrkveitingar			
Veittir styrkir vegna tjóna		578.482.587	243.837.308
		<hr/>	<hr/>
Styrkveitingar alls		578.482.587	243.837.308
Rekstrargjöld			
Stjórnarlaun og annar starfsmannakostnaður		1.718.292	921.445
Annar rekstrarkostnaður		14.063.567	13.162.307
		<hr/>	<hr/>
Rekstrargjöld alls		15.781.859	14.083.752
Samtals			
		594.264.446	257.921.060
Afkoma ársins			
		<hr/> <hr/>	<hr/> <hr/>
		43.936.695	(26.262.484)

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Fastafjármunir			
Fjárfestingarverðbréf	5	258.671.707	237.709.775
		<u>258.671.707</u>	<u>237.709.775</u>
Veltufjármunir			
Kröfur - Ríkissjóður Íslands		30.000.000	138.300.000
Handbært fé		10.255.788	59.021.041
		<u>40.255.788</u>	<u>197.321.041</u>
Eignir		<u>298.927.495</u>	<u>435.030.816</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Eigið fé frá fyrra ári	6	253.034.423	279.296.907
Afkoma ársins		43.936.695	(26.262.484)
		<u>296.971.118</u>	<u>253.034.423</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		238.085	1.806.069
Ógreiddir styrkir vegna tjóna		0	179.690.200
Ógreidd laun og launatengd gjöld		1.718.292	500.124
		<u>1.956.377</u>	<u>181.996.393</u>
Skuldir		<u>1.956.377</u>	<u>181.996.393</u>
Eigið fé og skuldir		<u>298.927.495</u>	<u>435.030.816</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Afkoma ársins		43.936.695	(26.262.484)
Gangvirðisbreytingar verðbréfa		(21.370.983)	(21.137.768)
Áhrif umsýsluþóknunar á gangvirði		409.051	463.088
Veltufé frá (til) rekstrar án vaxta og skatta		22.974.763	(46.937.164)
Aðrar rekstartengdar eignir, lækkun, (hækkun)		108.300.000	(108.300.000)
Rekstartengdar skuldir (lækkun), hækkun		(180.040.016)	171.848.167
Handbært fé (til), frá rekstri		(48.765.253)	16.611.003
(Lækkun), hækkun handbærs fjár		(48.765.253)	16.611.003
Handbært fé í upphafi árs		59.021.041	42.410.038
Handbært fé í lok árs		<u>10.255.788</u>	<u>59.021.041</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Bjargráðasjóður er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Hlutverk Bjargráðasjóðs skv. lögum nr. 49/2009 er að veita einstaklingum og félögum fjárhagsaðstoð til að bæta meiri háttar beint tjón af völdum náttúruhamfara, en þó fyrst og fremst á girðingum, túnnum, heyi og af völdum uppskerubrests í landbúnaði. Lögheimili sjóðsins er að Hlíðasmára 14, 201 Kópavogi.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum en verðbréf eru færð á gangvirði í árslok. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og upphæðir settar fram í heilum krónum. Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar fyrir opinbera aðila voru teknir upp af sjóðnum frá og með 1.1.2022.

3. Mat og ákvarðanir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis þeirra eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

4. Stjórnarlaun og annar starfsmannakostnaður

	2025	2024
Laun	1.479.328	799.692
Lífeyrissjóður	135.262	69.297
Önnur launatengd gjöld	103.702	52.456
	<u>1.718.292</u>	<u>921.445</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	0,2	0,1

5. Fjárfestingarverðbréf

Verðbréfaeign og eign í verðbréfasjóðum er færð á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í árslok.

Gangvirðisútreikningar á verðbréfaeign miðast við fyrsta stig sbr. IPSAS 30. Notuð eru verð á virkum mörkuðum til mats á gangvirði verðbréfaeignarinnar. Breytingar á bókfærðu virði fjáreigna á gangvirði greinast þannig:

	Fjárfesting- arverðbréf
Staða í ársbyrjun 2024	217.035.095
Gangvirðisbreytingar	21.137.768
Áhrif umsýsluþóknunar á gangvirði	(463.088)
Staða í ársbyrjun 2025	<u>237.709.775</u>
Gangvirðisbreytingar	21.370.983
Áhrif umsýsluþóknunar á gangvirði	(409.051)
Staða í árslok 2025	<u>258.671.707</u>

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á vöxtum hafi áhrif á afkomu sjóðsins og virði fjárfestinga hennar í fjármálagæringum. Markaðsáhætta í fjárfestingum er takmörkuð með fjárfestingarstefnu.

Skýringar

6. Eigið fé

Eigið fé greinist þannig:	Eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2024	279.296.907	279.296.907
Afkoma ársins	(26.262.484)	(26.262.484)
Eigið fé 1.1.2025	253.034.423	253.034.423
Afkoma ársins	43.936.695	43.936.695
Eigið fé 31.12.2025	296.971.118	296.971.118

7. Reikningsskilaaðferðir

Innlausn tekna

Framlög frá ríkissjóði eru metin á gangvirði móttækis endurgjalds. Framlög eru færð í rekstrarreikning þegar hæfileg víska er fyrir hendi um að sjóðurinn muni uppfylla þau skilyrði sem þeim eru bundin og að greiðslur muni berast. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvíska er um innheimtu þeirra.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármagnstekjuskattur, vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til.

Veittir styrkir vegna tjóna

Veittir styrkir vegna tjóna eru færðir í rekstrarreikning þegar þeir hafa verið samþykktir af stjórn sjóðsins, hægt er að meta þá með áreiðanlegum hætti og verulegar líkur eru taldar á að til greiðslu þeirra komi. Til staðar er ávallt einhver óvíska um hvort greiðsla styrkja muni fara fram enda þurfa styrkumsækjendur að uppfylla ákveðin skilyrði svo greiðsla geti farið fram.

Kröfur

Kröfur á Ríkissjóð Íslands eru færðar í efnahagsreikning þegar hæfileg víska er fyrir hendi um að sjóðurinn muni uppfylla þau skilyrði sem framlögnum eru bundin og að greiðslur muni berast.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnistæðum.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.